

## 92. fundargerð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs

Verkefni	Efni fundar	Síða
92. STJÓRNARFUNDUR VJP	<p><b>VJP</b></p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Samþykki dagskrár</li> <li>2. Fjármál <ul style="list-style-type: none"> <li>- <i>Frumvarp til Fjárlaga 2016 - staða</i></li> <li>- <i>Rekstraráætlun 2016 - heild - drög</i></li> <li>- <i>Framkvæmdaáætlun 2016 - heild - drög</i></li> </ul> </li> <li>3. Stjórnunar- og verndaráætlun; <i>breytingar/viðbætur</i></li> <li>4. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs - <i>umræða</i></li> <li>5. Atvinnustefna Vjþ - <i>staða, frh.</i></li> <li>6. Fundur með svæðisráði vestursvæðis: <ul style="list-style-type: none"> <li>- Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri - <i>staða</i></li> <li>- Landvarsla á Tungnaáröræfum - <i>kynning</i></li> <li>- Önnur mál</li> </ul> </li> <li>7. Vatnajökulsþjóðgarður/UNESCO - <i>staða</i></li> <li>8. Tillaga að matsáætlun Landsnets um Sprengisandslínu 220kV- athugasemdir Vjþ</li> <li>9. Fundargerðir</li> <li>10. Næsti stjórnarfundur</li> <li>11. Önnur mál</li> </ol>	1 af 5
Dags. fundar 02.12.2015	Tími 10:00	Staður Kirkjubæjarklaustur
Fundarboðandi Ármann Höskuldsson	Fundarritari Ármann Höskuldsson	Nr. Fundar 92
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Þórður H. Ólafsson, Ruth Magnúsdóttir, Guðrún Á. Jónsdóttir, Guðmundur H Guðmundsson, Óli Halldórsson, Heiða G. Ásgeirsdóttir, Snorri Ingimarsson, Vilhjálmur Árnason. Björn Ingi kom á símafund kl 12:55 til 15:10.		
Boðuð forföll: Björn Ingi Jónsson boðar forföll fyrripart fundar..		

Dagskrá:

### 1. Samþykki dagskrár

## **92. fundargerð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs**

---

- Samþykkt
- 2. **Liður 9 fundargerðir færður upp. Hér í frá eru fundargerðir afgreiddar í lok fundar.** Sem og skal tekið fyrir hvað skal gera í lok hvers liðar sé þess þörf. Ábyrgðarmaður skráður fyrir hverjum lið er heldur áfram til næstu funda.
- 3. **Fjármál. Þórður fer yfir rekstraráætlun og framkvæmdaáætlun 2016 og samanburð við 2015 og fyrri ár.**

- *Lagt fram yfirlit á Excel formi (REKSTRARAÆTLUN 2016 Heild stj-drög.xls).*

- *Frumvarp til Fjárlaga 2016 – staða*

Fyrir liggur að inn í Fjárlög munu koma 150 m.kr., sem fyrsta framlag, til undirbúnings og hönnunar fyrsta áfanga byggingar gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri.

- *Rekstraráætlun 2016 - heild - drög*

Í frumvarpi til Fjárlaga 2016 er framlag til rekstrar nettó 313 m.kr. og sértekjukrafan á stofnunina hefur hækkað úr 236 m.kr. fyrir þetta ár í 251 m.kr. í frumvarpinu. Eins og fram kom á síðasta stjórnarfundum koma inn nýjar 16 m.kr. til aukinnar landvörslu. Einnig er í frumvarpinu gerð aðhaldskrafa að upphæð 3,6 m.kr..

Farið var yfir helstu forsendur í framsetningu rekstraráætlunarinnar og boðað að betur verði farið yfir þetta þegar áætlunin verður komin inn í fjárhagsbókhaldið Orra.

Einstaka rekstarliðir:

Launaliður fer úr 264 í 311 mkr.

Landvarðamál, Þórður leggur til að málin verði tekið upp við Umhverfisstofnun, þjóðgörðum og ráðuneyti til að skilgreina betur landvarða þörf og vinnu.

Liður önnur gjöld hækkar um 8,5 mkr milli ára

Eignakaup hækkar um 1 mkr milli ára.

Fjármögnun: Rsj. 313 mkr, sértekjukrafa 251 mkr.

Rætt um möguleika á aukningu sértekna og hvernig það tengist atvinnustefnu tilvonandi.

Hver er kostnaður við sértekjurnar? Þarf að greina kostnað bak við sértekjur.

- 4. **Fundur með svæðisráði vestursvæðis: Fundur hefst kl 11:47.**

Á fundinn koma Orri Páll, Ólafía, Ásta Begga og Erla. Ármann bíður þau velkominn á fundinn.

- Gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri – Þórður fer yfir málið.

150 mkr lagðar fram á árinu 2016. Framkvæmdasýsla ríkisins sér um framkvæmdaþátt.

Áætlað að byggingin taki um 3 ár. Farið yfir að framkvæmdasýslan mun gera úttekt á mögulegum svæðum fyrir gestastofu og kynna síðan fyrir sveitarstjórn og stjórn þjóðgarðsins.

Umræður: samþætting listamiðstöðvar, menntaseturs og gestastofu, Hvatt til þess að loka ekki fyrir það.

- Landvarsla á Tungnaáröræfum – kynning hjá Orra. Aukin landvarsla (16 mkr á árinu 2016). Mikilvægt að hafa landvörð á Tungnaáröræfum allt árið vegna mikillar umferðar

## **92. fundargerð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs**

- ferðamanna og til að koma í veg fyrir umhverfisspjöll. Aðstöðuleysi landvarðar og kynningarmiðstöðvar sem og kostnaður (6 mánuðir) tefur málið. Heilsárs viðvera?
- Umræður: Kostnaðargreining þarf að fara fram. Lögð fram fyrir fund í febrúar eða fyrr. Hvar geta landverðir unnið, eru störf þeirra bundin við þjóðgarðinn eða geta þeir starfað utan hans í þágu þjóðgarðs? Svæðisráð vestur hvatt til að hefja vinnu við viðræður milli Landsvirkjunar, Umhverfisstofnunar og Þjóðgarðsins um aðkomu að landvörslu á Tungnaáröræfum.
  - Önnur mál: Staðan á Vestursvæði, 4 rekstrarstöðvar, Laki Eldgjá, Nýidalur, Kirkjubæjaklaustur. Sýning um mosa. Uppbygging við Langasjó að verða búin.
  - Fundi lokið með Svæðisráði kl 13:37.

### **5. Framkvæmdaáætlun 2016 - heild – drög**

*Fylgiskjal: Framkvæmdaáætlun 2016-heild stj samantekt.xlsx*

Þórður fylgir málinu úr hlaði. Farið var yfir helstu forsendur í framsetningu framkvæmdaáætlunarinnar.

Í frumvarpinu eru ætlaðar 107,4 m.kr. til framkvæmda í þjóðgarðinum á næsta ári.

Sótt hefur verið um fjármagn til framkvæmda úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða (FF). Níu verkefni í forgangi, styrkt með FF. Áætlað um 150 mkr frá FF og þar af leiðandi 150 mkr frá VÞJ.

Sótt hefur verið um átta ný verkefni 2016 (um 300 mkr) er leggur enn meiri kröfur á VÞJ um mótframlag.

Inn í Fjárlög eru einnig 150 mkr., sem fyrsti hluti af þremur, til undirbúnings og byggingar gestastofu þjóðgarðsins á Kirkjubæjarklaustri.

Þrjár leiðir; hætta að sækja um, fá meira fé úr ríkissjóði eða FF hætti að krefja Þjóðgarðinn um mótframlag.

Umræður: Málinu vísað til janúar fundar stjórnar.

### **6. Stjórnunar- og verndaráætlun; breytingar/viðbætur**

Farið var yfir drögin að Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir þjóðgarðinn eins og þau liggja fyrir. Þarfnast breytinga vegna íshella verður kynnt á janúarfundi.

Björn Ingi gerir grein fyrir íshellum.

Ruth talar um Víðerni og opin svæði, landvarsla í þjóðgarði, hver er öryggisaðili kafli 9.4.

Snorri sendi inn tillögur til umræðu fyrir fundinn, vegna Vonarskarðs og víðerna.

Þarf að skoða.

### **7. Lög Vatnajökulsþjóðgarðs –**

Frumvarp er í kostnaðarmati. Fá upplýsingar um forsendur breytinganna. Skoða athugasemdir síðustu stjórnar. Röksemdir ráðuneytis vantar sem og upplýsingar um samstarf við sveitarstjórnir.

### **8. Atvinnustefna Vþj - staða, frh.**

Ákveðið var á síðasta stjórnarfundi að fá utanaðkomandi aðstoð við að kynna Atvinnustefnuna þeim aðilum sem líklegt er að muni verða með starfsemi innan marka þjóðgarðsins.

## **92. fundargerð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs**

Þjóðgarðurinn, undir forystu svæðisráða, mun standa fyrir slíkum kynningum um leið og breytt lög um þjóðgarðinn hafa öðlast gildi. Samhliða verður unnið að áframhaldandi mótun Atvinnustefnu þjóðgarðsins. Vísað til fundar í febrúar.

### ***9. Vatnajökulsþjóðgarður/UNESCO – staða***

Árman kynnti fund á Lanzarote og umræðu um að fá Vatnajökulsþjóðgarð viðurkenndan UNESCO sem „natural heritage site“

Stjórn tekur ákvörðun um að óska eftir því við ráðherra að vinna við undirbúning fari af stað á komandi ári og umsókn lögð inn ekki seinna en í janúar árið 2017.

Áætlað er að umsóknarferlið muni kosta um 12 m.kr.

### ***10. Tillaga að matsáætlun Landsnets um Sprengisandslínu 220kV- athugasemdir Vjb***

Í lok síðasta mánaðar voru sendar inn athugasemdir frá þjóðgarðinum við tillögu að matsáætlun Landsnets um Sprengisandslínu 220kV. Stjórnafundur ákveður að senda samskonar bréf inn. Þórður sér um að heimfæra álitid.

### ***11. Næsti stjórnarfundur***

- Fundir haldnir annan miðvikudag hvers mánaðar. Næsti fundur 13/01 2016.

### ***12. Önnur mál***

1. *Bréf frá þjóðgarðsvörðum.*
  1. *Málið tekið upp á sameiginlegum fundi stjórnar og fastra starfsmanna Þjóðgarðsins í janúar.*
2. *Ferðafélög.*

*Kemur inn á næsta fundi.*
3. *Fundargerðir svæðisráða. Hafa sem fastan upphafslid á hverjum fundi.*
4. *Snorri fer yfir fyrirlestra sína á fundi í febrúar.*
5. *Snorri skipuleggur dropbox fyrir stjórn.*

## **92. fundargerð stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs**

### **Verkefni ákveðin á fundinum:**

Dagsskrár liður nr.	Verkefni	Ábyrgð	Ljúki fyrir
3			
4	Beðið efir greiningu framkvæmdasýslu ríkisins og þá farið áfram með málið.	Framkvæmdasýsla ríkisins/Þórður	Febrúar 2016
4	Kostnaðargreining á viðbót vegna heilsársopunnar og aukinni landvörslu ef það á við.	Þjóðgarðsverðir og Þórður	Febrúar 2016
5	Fá fylgiskjal með tölum og forgangsröðun verkefna	Þórður og Þjóðgarðsverðir	Janúar 2016
6	Íshellar vegna SVÁ, Ruth vegna landvörslu og opinna svæða.	Björn Ingi/Ruth	Janúar 2016
7	Fá gögn frá fyrri stjórn/Fá röksemdir frá ráðuneyti	Ruth/Þórður	Janúar 2016
8	Fá Alta til að kynna málið	Þórður	Mars 2016
9	UNESCO bréf til ráðherra	Ármann	Desember 2015
10	Athugasemdir við tillögu að matsáætlun um Sprengisandslínu, heimfæra bréf þjóðgarðsvarða og starfsmanna	Þórður	Desember 2015
11			